


MONITOR




FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

66°N

Verslanir 66°NORÐUR | www.66north.is | Sími: 535 6600 || Vir vinnufataverslun | www.facebook.com/vir



66°NORÐUR húfa: 1.470 kr.
Arnarhóll jakki: 24.800 kr.
Carhartt skyrta: 14.200 kr.
Dickies skór: 15.800 kr.

Það er enginn að slást hér, menn eru bara að fá sér.

Þetta unga fólk okkar í dag eru músikantar upp fyrir haus.

RAGGI BJARNA ER ALLTAF HRESS

Enginn rappar betur en Erpur

Raggi Bjarna frumsýnir myndina Með hangandi hendi og syngur með Blaz Roca um alla þá sem eru að fá sér. „Textinn er svolítið frískur,” segir Raggi.

„Ég var að heyra lagið í fyrsta skipti í dag,” segir Ragnar Bjarnason þegar Monitor nær tali af honum, en hann syngur í laginu Allir eru að fá sér með Erpi Eyvindarsyni sem kallar sig einnig Blaz Roca. „Erpur hringir í mig en ég þekki hann einmitt ágætlega,” segir Raggi sem undirbjó sig lítið sem ekkert fyrir upptökurnar. „Svo kem ég og veina eitthvað inn á þetta,” segir hann og bætir við að þetta hafi allt komið bara á staðnum svo hann muni ekki alveg hvernig textinn er. „Erpur var að biðja mig um að koma og spila á útgáfutónleikumum í Nasa svo ég þarf að læra allt sem ég bullaði þarna,” segir Raggi hlæjandi og segist hafa miklar mætur á Erpi. „Enginn rappar betur en Erpur, hann er þrælógður,” segir hann og bætir við að Erpur sé líka mikill grallaraspói. „Textinn er svolítið frískur,” segir hann en í

laginu er sungið um skemmtanir og Treo svo eitthvað sé nefnt. „Hver getur lesið það sem hann vill út úr textanum,” segir Raggi en að hans mati er lagið dæmt til vinsælda. „Það er bullandi bít í þessu og þetta er bara skemmtilegt.”

Ánægður með heimildarmyndina

Raggi er sannkallaður reynslubolti og einn af ástsælustu tónlistarmönnum þjóðarinnar. Hann er yfir sig hrifinn af ungu tónlistarfólki í dag. „Þetta er talenterað upp fyrir haus,” segir Raggi stoltur. „Ég var að syngja með Retro Stefson um daginn og þau eru frábær,” segir Raggi og hrósar ungu kynslóðinni í hástert. „Þetta unga fólk rappar í dag eru músikantar upp fyrir haus og ég er yfir mig stoltur.”

Það er sjaldan lognmolla í kringum Ragga og

ásamt því að vera að syngja með hinum ýmsu hljómsveitum hefur hann nýlengið við gerð heimildarmyndar um líf sitt. „Það er víða komið við í myndinni,” segir Raggi hæstánægður með útkomuna. „Ég var hræddur um að hún yrði langdregin en hún er það alls ekki,” segir hann og bætir við að myndin fjalli ekki aðeins um tónlistarferilinn. „Það er farið til baka og ekkert endilega verið að fjalla bara um músik,” segir Raggi en auðvitað sé mjög gaman að tónlistaratriðunum í myndinni. „Það er samt auðvitað gaman að gömlu hljómsveitamyndunum og svoleiðis,” segir hann. „Í myndinni er talað um líf mitt eins og það hefur verið og endapunkturinn eru svo 75 ára afmælistónleikarnir í Höllinni.” Heimildarmyndin Með hangandi hendi verður frumsýnd í Háskóla-bíó fimmtudagskvöldið 28. október.

Monitor mælir með

FYRIR ALLA Trúnó er glænýtt kaffihús á horni Klapparstígs og Laugavegs, þar sem Karamba var áður. Stemningin þar er einstaklega hýr og góð en Trúnó gefur sig einmitt út fyrir að vera hýrt kaffihús. Þangað eru þó allir velkomnir.



BIÓ Heimildarmyndin Norð Vestur fjallar um snjóflóðið hörmulega á Flateyri árið 1995. Heimafólk frá Flateyri, björgunarsveitarmenn, aðstandendur og fólk sem grófst undir snjó klukkustundum saman segja frá reynslu sinni í þessari vönduðu heimildarmynd sem sýnd er í Bíó Paradís og víðar.

FYRIR ÓPOLINMÓÐA Jólaborð geta nú tekið forskot á sæluna og byrjað að fönndra. Hrekkjavakan er um helgina og þá er mikið til að dunda sér við. Þakkarar sem bíða 1. apríls geta einnig notað tækifærið og hrekk sína nánustu og þeir sem elska óskudaginn gætu jafnvel gerst svo djarfir að sníkja nammi hjá nágroñnum. Hrekkjavakan hefur allt!



Vikan á...

facebook

Logi Bergmann er léttur 23. október kl. 13:47

Vala Grand Hey fólk sem eru lagt í einelti. PLEASE BE STRONG. gefið ykkur tækifæri til að sjá hvern lífið hefur að bjóða veit það er sárt að lenda í þessu dæmi ég sjálf þarf að takast á við mikkla fordöma og áreiti en ef ég get lifað mitt líf eins og ég vil þá veit ég víst að þið getið gert það sama lífið er til að hafa gaman af og takast á við allt sem er gefið uppá hendi okkar 24. október kl. 19:45

Egill Gíllz Einarsson Elska prinsessur! 25. október kl. 15:40

Auðunn Blöndal Bankinn gaf go og er kallinn því búinn að kaupa sér nýja íbúð :) 26. október kl. 16:33

Jón Jósep Snæbjörnsson er bæði hristur og hræður eftir helgina. Törn helgarinnar að baki, enn stærri törn á leiðinni í skólanum og það er vetrarfrí í grunnskóla barnanna minna. Hvað næst - inngróin tánögl? 25. október kl. 17:44

Feitast í blaðinu

Allskonar hrekkjavökubúningar fyrir hugmyndasnauda á síðustu stundu. >>>4

Popppunktur frægra og fállegra er æsispennandi með Tobbu og Munda. >>>6

Friðrik Dór Jónsson tónlistarmaður er á föstu og þarf að slá frá sér grúppurnar. >>>8

Nokkrar hrollvekjur sem þú verður að sjá í tilefni hrekkjavökkunnar. >>>12

Bergur Ebbi söngvari, ljóðskáld og lögræðingur reynir við Loka-prófið. >>>14

Efst í huga Monitor

Bera hag Úkraínu fyrir brjósti

Mótmæli hafa verið tíð á Íslandi undanfarnir misseri og hefur fólk tekið upp á ýmsu til að vekja athygli á málstað sínum. Þessi hópur aðgerðarsinna í úkraínsku kvenréttindasamtökunum Femen var ekkert að flækja hlutina þegar verið var að mótmæla undanlátssemi Úkraínnumanna gagnvart Rússum, í höfuðborginni Kiev í gær. Þetta gerðu stúlkurnar í tilefni af heimsókn Vladimir Pútíns Rússlandsforseta til borgarinnar. Færa má rök fyrir því að þetta sé árangursríkari aðferð en að grýta byggingar og saklausa lögregluþjóna. Bara pæling.



VANHÆF RÍKISSTJÓRN? HÆFIR MÓTMÆLENDUR!




Steinda langar í gullverðlaun

Fyrsta þáttaröð af Steindanum okkar er komin út á DVD og fer salan vel af stað. „Það hefur mikla þýðingu fyrir mig að koma þessu út á DVD. Ég á engan möguleika á því að fá verðlaun í neinu nema þessu, því ég æfi ekki neitt og þetta er það eina sem ég geri,“ segir Steindi sem langar mikið til þess að selja nægilega mörg eintök af seríunni til þess að fá gull- eða platinuþlöt. „Ef það seljast meira en fimm þúsund eintök fæ ég plötuna í ramma upp á vegg. Það er draumurinn,“ segir hann.

Silfur í 400 metrunum

Steindi kveðst aldrei á ævinni hafa unnið alvöru verðlaun. „Ég fékk reyndar einu sinni gullverðlaun þegar ég var yngri, en það var í fótbolta á einhverju Faxaflóamóti og þá var ég hluti af liði. Svo fékk ég einu sinni silfurpening fyrir 400 metra hlaup, en það var skólahlaup og allir lúserarnir fengu líka verðlaun þannig að það var ekkert skemmtilegt,“ segir Steindi. Um þessar mundir er hann sveittur í upptökum á næstu seríu af Steindanum, en að þeim loknum segir hann að stefnan sé tekin á að fylgja DVD-útgáfunni eftir og árita fyrir æsta aðdáendur.



Óli Skúla, álver og feminístar

Félagarnir Bjartmar Guðlaugs, Blaz Roca og Jón Ólafs sjást kannski ekki oft saman en í Fuglabúrinu er allt mögulegt. Fuglabúrið er tónleikaröð sem verður í vetur á Café Rósenberg og þar munu mætast fulltrúar ólíkra kynslóða í tónlistinni. Fyrstu tónleikarnir voru í vikunni og heppnuðust vel að sögn Erps Eyvindarsonar. „Þetta var geðveikt,“ segir Erpur ánægður með þá sem mættu á tónleikana. „Þeir sem mættu ekki skitu í sig því þetta var klikkað.“

Sumarliði er að fá sér

Erpur segir að dagskráin hafi verið mjög fjölbreytt. „Þetta var blanda af tónlist, ljóðum, uppstandi og öllu,“ segir Erpur en þeir Bjartmar töluðu um ýmis málefni á tónleikunum. „Við fórum alveg út í Ólaf Skúla, álver, feminísta og allan pakkann,“ segir Erpur en dúettinn tók að sjálf-sögðu nokkra slagara fyrir tónleika-gesti. „Hápunkturinn var þegar við blönduðum saman lögum okkar og fluttum lagið Sumarliði er að fá sér sem kom virkilega skemmtilega út,“ segir Erpur og á þá við samansuðu af lögum Sumarliði er fullur sem Bjartmar gerði frægt um árið og Allir eru að fá sér, nýjasta lag Blaz Roca.



POPPUNKTUR fræga og fallega fólksins

Tobba Marínós og Mundi mætast í annarri viðureign átta liða úrslita.



TOBBA MARÍNÓS FJÖLMIÐLAKONA

8
RETT

TOBBA

1. Ég man eftir henni í einhverju nammilandi með Snoop Dogg. Var það ekki bara hann?
2. Hún er ekki bresk og ekki bandarísk svo ég ætla að segja sænsk.
3. 2007.
4. Queen.
5. Pass.
6. Að sjálf-sögðu Love Gúru í gula Henson-gallanum.
7. Maðurinn með bartana, einhver Morthens. Segi bara Haukur Morthens.
8. Eminem.
9. Er það eitthvað danskt lag? Nei, ég segi Grýlurnar.
10. Gummi Jóns.
11. Úkraínu.
12. Hún er ein af uppáhaldssöngkonunum mínum og er í Skunk Anansie.

„Partítónlistin borgar sig.“

Ég vil þakka sjálfri mér fyrir sigurinn því ég kom mér mjög á óvart. Það borgar sig greinilega alveg að hlusta á ódýra partítónlist og svo vil ég þakka svörtu frænku minni henni Skin fyrir að skila mér sigrinum.

Þau stóðu sig vel, eru með beisik hluti á hreinu eins og Love Guru og Ruslónu, en ekki alveg með obskjúr hluti á tæru eins og Andreu Gylfa og Hauk Morthens! Svo er fyndið að Mundi tali um brodda og Gumma Jóns í sömu setningunni. Mig minnir nú að hann sé alltaf nýrakaður og finn.

NÝJA POPPPUNKTSSPILID ER VENTANLEGT Í VERSLANIR Í NÓVEMBER.

1. Hver söng California Gurls með Katy Perry?
2. Hvers lensk er söngkonan Robyn?
3. Hvaða ár kom Poker Face með Lady Gaga út?
4. Með hvaða hljómsveit er lagið Bohemian Rhapsody?
5. Hver kom í Grafík í stað Helga Björns?
6. Hver flutti lagið Gúru djamm?
7. Hver söng fyrstur um Bjössu á mjólkurbílunum?
8. Um hvern er myndin This is it?
9. Hvaða hljómsveit gerði lagið Lukkutroll?
10. Hver spilar á gítar í Sálinni hans Jóns míns?
11. Fyrir hvaða land sigraði Ruslana Eurovision?
12. Í hvaða bandi er söngkonan Skin?

MUNDI

1. Snoop Dogg.
2. Hún er frá einhverju af Norðurlöndunum, segjum bara Svíþjóð.
3. Það er nú ekkert svo gamalt svo ég segi í fyrra.
4. Queen.
5. Ég hef ekki hugmynd um það.
6. Það hlýtur bara að hafa verið Love Gúru.
7. Segjum bara Ómar Ragnars.
8. Michael Jackson.
9. Pass.
10. Dökkhærði gaurinn með broddana.
11. Úkraína.
12. Hún er í Skunk Anansie.

7
RETT

MUNDI FATAHÖNNUÐUR

„Klikkaði á Lady GaGa.“

Mér finnst nokkuð gott að tapa bara með einu stigi. Þetta var samt frekar ósanngjörn keppni því hún er bæði blaðamaður og rithöfundur. Ég hefði samt átt að vera með Lady Gaga spurninguna rétta.


Margir bangsar voru með svínaflensu í fyrra

Læknanemar hlúa að veikum böngsum á Bangsaspítalanum um helgina.

„Það er ýmislegt sem getur verið að en maður verður bara að vera í samskiptum við sinn bangsa til að vita hvað er að honum. Í fyrra voru margir bangsar til dæmis með svínaflensu, en þá var hún mikið í umræðunni,“ segir Sara Lilly Þorsteinsdóttir, læknanemi, sem kemur að Bangsaspítalanum sem verður opin á Barnaspítala Hringinsins á laugardag. Þar gefst börnum á aldrinum þriggja til sex ára tækifæri til þess að fara með bangsann sinn til læknis þar sem hann fær viðunandi aðhlyningu, hvort sem það er með umbúðum, plástri eða röntgenmyndatöku.

„Tilgangurinn með þessu er að útrýma hræðslu barna gagnvart heilbrigðisstarfsfólki og einnig fyrir læknanema að efa sig í samskiptum við börn. Þetta er mjög skemmtilegt,“ segir Sara Lilly.

Bangsaspítalinn verður opin á laugardag frá 10 til 16 á Barnaspítala Hringinsins á horni Barónsstígs og Hringbrautar.



SARA LILLY ÁSAMT KOLLEGGUM SÍNUM OG EINUM SJÚKLINGI

Mynd/Kristinn

Rétt svör: 1. Snoop Dogg, 2. Sænsk, 3. 2008, 4. Queen, 5. Pass, 6. Love Guru, 7. Haukur Morthens, 8. Michael Jackson, 9. Ljótu hálftímar, 10. Guðmundur Jónsson, 11. Úkraínu, 12. Skunk Anansie.

Samsung GALAXY 5



Vertu á Facebook í símanum

Netið í símanum frá 490 kr. á mánuði.

Samsung Galaxy 5

0 kr. útborgun m.v. 12 mánaða greiðsludreifingu eða 12x2.990 kr. og á leggst 250 kr. dreifingargjald.

Android 2.1 sími sem fer ótrúlega vel í vasa og er á frábæru verði. Síminn styður 3G, 3GL og Quad-band með WiFi og GPS.

1.000 kr. inneign á mánuði í 12 mánuði fylgir.



VERTU MEÐ

www.ring.is / m.ring.is



www.facebook.com/ringjarar



VERTU SAKLEYSID UPPMÁLAD SEM LAUSLÁTT TWISTER-SPIL



ENGINN ABBAST UPP Á LAUSLÁTAN SJÓRÆNINGJA



LAUSLÁT LÍSA Í UNDRALANDI ER SÚR HUGMYND



HIN LAUSLÁTA SKELLIBJALLA GETUR EKKI FLOGID



MEÐ NESTI Í KÖRFU ER LAUSLÁTA RAUÐHETTA VINSÆLASTA STÚLKAN

FYRIR DÝRAUNNENDUR ER LAUSLÁTI PÁFUGLINN TILVALINN KOSTUR



Feitir ferðamenn og lauslátir vaxlitir

Það getur verið vandasamt að finna sér góðan og frumlegan grímubúning fyrir **hrekjavökuna** sem er núna um helgina. Þeir sem eru á síðustu stundu grípa oftast en ekki til að sveipa laki yfir hausinn og vera draugur eða mála á sig veiðihár og segjast vera köttur en svoleiðis metnaðarleysi dugir ekki í ár. **Monitor** tók saman nokkrar skemmtilegar og frumlegar hugmyndir að grímubúningum fyrir þá sem vilja ekki enda á því að vera vampíra eða hippí í **hrekjavökugleði** helgarinnar.



LAUSLÁTI VAXLITURINN ER EKKI FYRIR BÖRN



TVÍRÆÐ MERKING ER ALLTAF SKEMMTILEG



FEITIR FERÐAMENN Á HAWAII ER ÞÆGILEG REDDING



GIRNILEGUR BÚNINGUR SEM GÆTI VERIÐ ÉTINN



GÆTI ORÐIÐ ÞREYTANDI TIL LENGDAR



DÓNALEGI TVÍBURI ALADDÍN



ÞESSI ER GUÐSGJÖF AÐ EIGIN SÖGN



METNADARFULLIR ÆTTU AÐ BYRJA STRAX AÐ BÚA TIL KLÓSETTBÚNINGINN



SVÍNAFLENSBÚNINGUR GÆTI HNEYKSLAÐ



MARTINI MED MARTINI



Sérniðin þjónusta fyrir allar *tegundir* námsmanna.
 Námsmenn okkar fá betri *kjör* og *meiri* fríðindi.

Nánari upplýsingar um Námsmannþjónustu Arion banka fást hjá
 þjónusturáðgjöfum í útibúum okkar og á arionbanki.is eða í síma 444 7000.

/// Á meðan ég er ekki hálfviti að sleikja munninn á einhverjum stelpum úti í bæ þá er ég góður.



viðtalið

Ertu á föstu ef við erum þrjár?

Friðrik Dór Jónsson er heitasti poppari Íslands í dag. Poppbransinn snýst hins vegar ekki bara um að troða upp og semja heilalímandi slagara, því Friðrik þarf líka að slá frá sér grúppíur og hlaupa undan mönnum sem saka hann um að hafa stolið pítsum.

Texti: Björn Bragi Arnarsson bjornbragi@monitor.is
Myndir: Árni Sæberg saeberg@mbl.is

Friðrik Dór Jónsson er 22 ára Hafnfirðingur, nemi í stjórnmálafræði við HÍ, stúdent úr Versló og FH-ingur í húð og hár. Hann hefur náð langt á því ári sem liðið er síðan hans fyrsta lag, Hlið við hlið, fór að heyrast á öldum ljósvakans. Í kjölfarið fylgdu fleiri lög sem náð hafa vinsældum og í dag lítur hans fyrsta plata, Allt sem þú átt, dagsins ljós.

Allt sem þú átt er 12 laga plata sem Friðrik vann ásamt upptökuteymunum Redd Lights og Stop Wait Go. Á plötunni nýtur Friðrik liðsinnis gesta á borð við Blaz Roca, Steinda Jr. og Jón Jónsson bróður sinn. Um er að ræða fyrstu alíslensku RnB-plötuna og segist Friðrik hafa húmor fyrir tónlist sinni. „Mér finnst frábært að vinna þessa tónlist þó svo að mér finnst um leið fyndið að þæla í því að hún sé vinsæl,“ segir hann.

Þú hefur talað um að ferill þinn sem RnB-tónlistarmaður hafi byrjað sem hálfgerð grín.

Þetta byrjaði þegar ég samdi lag fyrir Hemma vin minn á árs hátíðardisk Flensborgar. Það var svona innanskóla-hittari. Svo samdi ég Hlið við hlið fyrir hann, en tímdi síðan ekki að láta hann hafa það því mér fannst það gott. Það voru einhverjar þælingar með að nota lagið í söngleik sem við félagarnir ætluðum að semja fyrir Versló, en það varð ekkert úr því. Þannig að ég endaði á því að gera lagið sjálfur og fór með það í útvarpið.

Er þetta RnB ekki bara djöfulsins væl?

Jú, væl skástríkir kjafað. Þessir útlensku gaurar eru náttúrulega fagmenn í að tala ekki um neitt og ef þeir eru að tala um eitthvað þá eru þeir að væla. Eins og Confessions-platan með Usher. Hann hélt framhjá og ákvað að gera plötu um það, sem er væl út í gegn. Heill diskur með „sorrí ég hélt framhjá þér...“ (syngur). Svo er R. Kelly náttúrulega algjör snillingur í þessu, hann er söngvari skástríki grínisti.

Þú virðst hafa húmor fyrir tónlistinni þinni, sem sést kannski best á því að þú frumfluttir nýjasta lagið þitt í Vondulagakeppninni á X-inu.

Að sjálfsögðu hef ég húmor fyrir þessu. Mér finnst nett fyndið að lag eins og Keyrumettígang geti orðið vinsælt. Þetta er svo ógeðslega grillað eitthvað. Ég fíla lagið núna, en fyrst var ég bara: „Hvað er í gangi? Á ég að syngja þetta?“ Svo varð þetta bara vinsælt. Ég kem stundum fram í félagsmiðstöðvum og tala við krakkana og um daginn spurði ég þau hvort þeim þætti þetta bara alveg eðlilegt, að tónlist eins og mín tónlist sé að verða vinsæl. Þeim fannst ekkert athugasemjulegt við það, sem er bara frábært.

Finnst þér sjálfum eitthvað athugasemjulegt við það?

Þegar ég var yngri var ég alveg eins og fólk sem er á YouTube að skíta yfir lögin mín, en ég hef þroskast hvað þetta varðar. Tónlist þarf ekki að vera eitthvað geðveikt flókin. Það er allt í lagi þótt lagið komi bara á hálf tíma. Ég er farinn að meta miklu víðari tegund tónlistar. Það er enginn algalinn og ég er bara mjög ánægður með að vera kominn út í þessa tónlist. Þetta á bara að vera skemmtilegt og ég er bara að reyna að búa til heilalím með þessum lögum.

Þú ert búinn að spila mikið með Erpi og fleiri forystumönnum klámkynslóðarinnar. Ert þú ekki alltof góður drengur fyrir þetta?

Jú ég er alltof góður drengur fyrir þá. En ég hef mjög gaman af öllum þessum gaurum. Ég er að vinna uppi í Kaplakrika á sumrin og þá vinn ég náttúrulega bara með klámkynslóðinni. Það er ógeðslega fyndið og ég hef mjög gaman af henni, þó ég sé kannski ekki sjálfur að snillast með einhverj mellið. Mín lög eru kannski frekar tepruleg við hliðina á lögum Erps og þeirra, en það er líka ekki rétt að flokka mig sem einhvern hiphopara, alls ekki.

Hver er birtingarmynd klámkynslóðarinnar?

Það eru til dæmis ótrúlega margir unglingskrakkar að adda mér á Facebook og ég sver að svona þriðja hver gella er nánast á nærfötunum í speglinum á prófilmyndinni sinni. Maður er alveg bara: „Hvað er í gangi?“ Þetta er einhver þróun, en mér finnst hún ekkert sérlega jákvæð.

Er þetta ekki liðið sem þú ert að tala við í félagsmiðstöðvunum?

Jú. Þegar ég er fenginn á svona kvöld reyni ég yfirleitt að hafa létt forvarmargildi í því sem ég er að segja.

Hvernig þá? „Klæðið ykkur í fót áður en þið takið prófilmynd!“

Nákvæmlega, verið í fötum krakkar! Nei, til dæmis hef ég alltaf haft fátíðlega andstyggð á tóbaksnotkun og eiturfjafnotkun og öllu þessu drasli. Ég reyni bara að nota þá stöðu sem ég er kominn í, þegar allir eru komnir til að hlusta á mig og það sem ég hef að segja, að segja mína skoðun á þessum hlutum. Að sjálfsögðu reyni ég samt að vera skemmtilegur og er ekkert að predika yfir liðinu. En ég reyni kannski að skjóta því inn að vímulaut líf sé kúl.

Tekur léttan Þorgrím?

Tek léttan Þorgrím.

Hvað er það fátíðlegasta sem þú hefur lent í síðan þú varst þekktur?

Ég var að labba niðri í bæ um daginn að nóttu til hjá Lækjartorgi. Þá kemur einhver maður hlaupandi á spretti á eftir mér og segir að ég hafi stolið pítsunni sinni. Segir við mig: „Það var einhver sem sagði mér að Friðrik Dór væri með pítsuna mína.“ Þessi maður var alveg útrýfjaður og ekki í góðu ástandi. Ég var bara: „Í alvöru, ég er ekki með neina pítsu.“ En hann var staðráðinn í því að refsa mér fyrir að hafa stolið pítsunni sinni og endaði á því að ráðast á mig og skalla mig og sparka í mig. En eins fimur og ég er náði ég að beygja mig undan flestum höggunum og hljóp svo bara í burtu. Ég var ekkert að fara að slást við þennan mann. Þetta er án efa grillaðasta móment sem ég hef upplifað síðan ég byrjaði í þessu.

Bróðir þinn, Jón Jónsson, er líka að gera góða hluti í tónlistinni. Eruð þið Nick og Aaron Carter Íslands?

Klárlega. Ég hlýt þá að vera Nick og hann Aaron.

Mér finnst nett fyndið að lag eins og Keyrumettígang geti orðið vinsælt. Þetta er svo ógeðslega grillað eitthvað.

HRAÐASPUÐNINGAR

Besti skyndibiti? Devitos er klassískt.

Heitasta söngkona? Beyonce Knowles.

Fallegasti staður? Kaplakrika.

Fyndnasta manneskja? Jón bróðir er fátíðlegasta fyndin.

Jack Johnson eða Kanye West? Jack Johnson allan daginn.

Mesti ótti? Ég er rosalega lofthæddur og frekar sjóhræddur. Ég vil bara vera á landi og þá bara á láglendi.

Besta kvikmynd? Þetta er kannski svolítið skrítið, en mér finnst Rockstar með Mark Wahlberg skemmtilegasta mynd sem ég hef séð.

Mesta eftirsjá? Að hafa nennt að fitna upp í 86 kíló.

Mesta þakkaratrik? Þegar ég og Ágúst fyrrum skólabróðir minn stöðum við grindverkið á leikskólanum og fórum að henda steinum í bíla. Ég hugsa að ég hafi ekki náð að dælda neina bíla, en þetta var ekkert sérstaklega sniðugt uppátæki. Annars var ég lítið í þakkaratrikum.

Nafnið á ævisöggunni? Blóm að hausti.



En Nick er eldri.

Já en ég er miklu frægari en Jón (hlær).

Hvaðan kemur tónlistarblóðið? Ef þið eruð Nick og Aaron er pabbi ykkar þá hinn íslenski Joe Jackson, pabbi Michael Jackson?

Nei. Joe Jackson hafði enga hæfileika, hann bara lamdi börnin. Pabbi okkar var í kór og er mikill söngmaður, djúpraddaður og flottur. Við Jón spilum mikið saman þegar við vorum yngri, ég á trommunum og Jón spilaði á gítarinn og söng. Svo lærði ég á gítar hjá Jóni. Ég myndi segja að hann sé stór ástæða þess að ég fór að semja tónlist. Ég hefði ekki farið að semja mikið á trommurnar. Jón var alltaf að semja tónlist í kringum mig og mig langaði að geta samið eins og hann. Hann er mjög stór fyrirmynd í mínu lífi.

Vinir þínir segja að þú sért skoðanaglaður, skapstór og tapsár.

Þetta er alveg hárrétt. Þegar ég var yngri var ég ógeðslega sjálfumglaður og til í að hafa skoðanir á öllu í kringum mig og oft neikvæðar skoðanir. Ég vil meina að ég hafi þroskast upp úr þessu á síðustu árum. En ég er skapstór og mjög tapsár. Ég mun aldrei líta á það sem einhvern ókost að vera tapsár. Keppnisharka er mjög mikilvæg.

Þú ert einn áttundi Færeyingur. Hvernig lýsir það sér?

Þegar við fórum að frekjast, við fjölskyldan, þá er talað um að helvítis Færeyingurinn sé kominn upp í okkur. Vinir mínir eru kannski ekkert að segja þetta, en gamla fólk í Hafnarfirði segir þetta. Ég þekki reyndar engan Færeying sjálfur, en það hlýtur að vera að þeir séu svona frekir.

Þú ert á fullu í einkaþjálfun um þessar mundir.


Er svona mikilvægt að líta vel út þegar maður er poppstjarna?

Það er mikilvægt þegar maður er poppstjarna sem farið er að tala um sem bangsa. Ég var í alvöru farinn að heyra að ég væri svo bangsalegur. Þá vissi ég að ég þurfti að fara að gera eitthvað í mínum málum.

Hvað varstu þungur þegar þú varst bangsi?

Þá var ég í kringum 86 kíló. Nú er ég kominn undir 80. Ég þarf að vera aðeins léttari en ég er núna, þá er ég flottur.

Ég átti svolítið erfitt með aldursmuninn fyrst og félagarnir höfðu gaman af því að gera grín að mér.



Kom ekkert til greina að fara bara alla leið með bangsann og verða íslenskur Meatloaf?

Ég var á góðri leið með að verða eins og Meatloaf. Reyndar ekki jafn lyfjaður, en vissulega jafn ógeðslegur.

Ertu svona mikill sælkeri?

Já. Ég er mikill mathákur og menn eiga líka alltaf mjög auðvelt með að fá mig til að borða með þeim. Ef einhvern vantaði féлага til að borða með þá var hringt í mig og ég mætti og borðaði. Einu sinni borðaði ég þrisvar sinnum kvöldmat sama kvöldið. Fyrst fór ég á Devitos með féлага mínum. Svo pikkuðum við upp annan féлага okkar sem var svangur og ég fór á Nonnabita með honum. Þegar það var búið pikkuðum við upp þriðja gaurinn og ég endaði kvöldið á því að fá mér tvær pylsur á Bæjarins bestu.

Hvað þarf Hamborgarafabrikkan að borga þér fyrir að taka upp listamannsnafníð Fabrikk Dór?

Fríar máltíðir til æviloka og styttuna af Rúna Júl.

Þú ert að þjálfra unga stráka í fótbolta hjá FH. Eru þetta ekki allt miklir aðdáendur þínir?

Jú, ég hef mjög gaman af þeim. Stundum koma þeir og biðja um eiginhandararitun, strákar sem ég er kannski búinn að vera að þjálfra í eitt ár. Svo er alltaf gott þegar ég fæ komment eins og: „Ég sá þig í tölvunni áðan, þú varst að syngja eitthvað lag.“ Ef þeir kunna lagið þá koma þeir ekki til mín heldur labba í svona fimm metra fjarlægð og raula það nógu hátt til að ég heyri og vilja að ég segi þeim að það sé flott hjá þeim að kunna lagið. Þetta eru miklir snillingar.

Segðu mér frá kærustunni þinni.

Hún heitir Lísa og er á lokaári í Versló. Við kynntumst einmitt þegar ég var á lokaárinu mínu þar og hún á fyrsta ári. Ég átti svolítið

erfitt með aldursmuninn fyrst og félagarnir höfðu gaman af því að gera grín að mér, þótt þrjú ár séu nú þannig séð ekkert mikill aldursmunur. Hún er bara frábær og ég hef engan áhuga á að gera eitthvað annað en að vera með henni.

Semur þú öll lögin um hana?

Alls ekki. Vissulega var fyrsta lagið samið um hana, eða að minnsta kosti viðlagið. Sumt fólk heldur að ég sé bara fastur í því að semja lög um hana, en ég er ekki allveg svo leiðinlegur. Ég er skemmtilegri en það að vera með kærustuna á heilanum og semja bara um hana.

Hvernig fer poppbransinn með sambandið?

Hann fer ágætlega með sambandið mitt ef ég stend mig vel í að segja henni frá því hvar ég er að spila. Hún verður pirruð ef hún veit ekki hvert ég er að fara og hvenær. Á meðan ég er ekki hálfviti að sleikja munninn á einhverjum stelpum úti í bæ þá er ég góður. Ég hef staðið mig mjög vel í því hingað til og ætla að halda því áfram.

Ertu ekki að drukkna í grúppium?

Jú ég var mjög hætt kominn einu sinni. Nei, þær eru vissulega til staðar og það er bara gaman af því á meðan þær eru léttar á því. Ég hef aldrei gaman af fólki sem hengir sig utan á mig. Ég er góður með þrjár mínúturnar, en þegar það er farið upp í 10 mínútur segi ég bless. Ég höndla ekki svoléiðis. Í flestum tilvikum er þetta líka fyllerisraus sem ég nenni ekki að hlusta á.

Hvað með nærfataklæddu Facebook-frænkurnar. Færðu einhver ósiðleg tilboð?

Ég fékk einhvern tímann sms sem í stóð: „Ertu á föstu?“ Ég er ekki vanur að svara svona, en í því tilviki sendi félagi minn til baka úr mínum síma: „Já.“ Þá fékk ég til baka: „En ef við erum þrjár?“ Það er líklega grillaðasta tilboð sem ég hef fengið.



Nú hefur þú ástæðu
til að BROSA



Gott bragð fyrir heilbrigðar tennur...



Ljóskur eru bestu fórnarlömbin. Þær eru eins og nýfallinn snjór sem sýnir blóðug fótspor hvað best. – Alfred Hitchcock



Danny Trejo

Hæð: 170 sentimetrar.
Besta hlutverk: Trejo í Heat (1995) einni bestu spennumynd allra tíma.
Eitruð tilvitnun: „Ég var vanur að láta lemja mig frítt.“ (Eftir að honum var sagt að hann fengi 350 dollara á dag fyrir að leika í slagsmálaatriðum í bíómynd.)
Skrytín staðreynd: Var í mikilli neyslu á sínum yngri árum og margsinnis handtekinn fyrir smáglæpi. Er með stærðar húðflúr af konu með sombrero-hatt á maganum og er hægt að sjá það í mörgum mynda hans.

1944 Fæðist 16. maí í Kaliforníu-fylki.

1981 Eignast sitt fyrsta barn, soninn Danny Boy. Hann á einnig börnin Gilbert (1988) og Danielle (1994).

1985 Hittir mann á meðferðarfundi sem býður honum að kíkja á tókustað á nýrri kvikmynd, Runaway Train. Trejo fær aukahlutverk í myndinni og boltinn byrjar að rúlla.

1995 Leikur aukahlutverk í myndunum Desperado og Heat sem njóta báðar mikilla vinsælda og kemur sér á kortið fyrir alvöru.

1997 Kvænist núverandi eiginkonu sinni, Debbie Trejo.



Frumskýningar helgarinnar

Machete

Leikstjórar: Robert Rodriguez og Ethan Maniquis.
Aðalhlutverk: Danny Trejo, Robert De Niro, Jessica Alba, Steven Seagal og Michelle Rodriguez.
Lengd: 105 mínútur.
Dómar: IMDB: / Metacritic: 6,0 / Rotten Tomatoes: 74%



Aldurstakmark: 16 ára.
Kvikmyndahús: Smárabíó, Háskólabíó og Borgarbíó Akureyri.

Machete (Trejo) er alræmdur uppreisnarmaður frá Mexíkó. Hann er ráðinn til að myrða ríkisstjóra nokkurn (De Niro), en kemst fljótt að því að hann hefur verið leiddur í gildru. Í kjölfarið tekur við vægðarlaus og einstaklega blóðug hefndarför gegn mönnum sem sviku hann.

The Kids Are All Right

Leikstjóri: Lisa Cholodenko.
Aðalhlutverk: Annette Bening, Julianne Moore, Mark Ruffalo og Mia Wasikowska.
Lengd: 104 mínútur.
Dómar: IMDB: 7,7 / Metacritic: 8,6 / Rotten Tomatoes: 95%
Aldurstakmark: 12 ára.
Kvikmyndahús: Laugarásbíó og Háskólabíó.



Systkinin Joni og Laser hafa alist upp hjá tveimur mæðrum (Bening og Moore) og vilja vita hver líffræðilegur faðir þeirra er. Þegar hann finnst veldur hann alvarlegum titringi í heimilishaldinu og fjölskyldulífið verður aldrei samt aftur þrátt fyrir margar tilraunir til að endurskilgreina fjölskylduna.

Let Me In

Leikstjóri: Matt Reeves.
Aðalhlutverk: Chloe Moretz, Kodi Smit-McPhee og Richard Jenkins.
Lengd: 100 mínútur.
Dómar: IMDB: 7,5 / Metacritic: 7,9 / Rotten Tomatoes: 89%
Aldurstakmark: 16 ára.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Keflavík og Akureyri.



Owen er 12 ára drengur sem er lagður í einelti og vanræktur af fráskildum foreldrum sínum. Eini vinur hans er nágrannastúlkan Abby sem býr með föður sínum. Þegar röð morða setur bæjarfélagið í uppnám og faðir hennar hverfur skyndilega, fer Owen að gruna að hún búi yfir skelfilegu leyndarmáli. Þetta er endurgerð sænsku myndarinnar Låt den rätte komma in.

Ómissandi hryllingsmyndir á hrekkjavöku

Hrekkjavakan er um helgina og þá er tilvalið að skella einni klassískri hryllingsmynd í tækið. Monitor tók saman nokkrar góðar sem ættu að fá hárin til að rísa.

Misery (1990) Kathy Bates tekur sig óþægilega vel út í hlutverki einnar sturluðustu manneskju kvikmyndasögunnar.



Rosemary's Baby (1968) Þér bregður kannski ekki oft yfir þessari mynd en óhugnanleikinn hreiðrar um sig í huga þínum.



Låt den rätte komma in (2008) Upprunalega, sænska útgáfan af myndinni Let Me In sem verður frumsýnd í bandarískri útgáfu um helgina.

Night of the Living Dead (1968) Ekta, gamaldags uppvakningaspennumynd sem vekur kannski upp hlátur en er samt frekar ógeðsleg.

The Silence of the Lambs (1991) Stjörnuleikur í einum besta taugatrylli kvikmyndasögunnar. Kominn tími til að sjá þessa ef þú hefur ekki þegar séð hana.

A Nightmare on Elm Street (1984) Þeir eru ófáir sem upplifðu margar andvökunætur eftir að hafa séð þessa mynd í æsku.

Ringu (1998) Upprunalega, japanska útgáfan sem myndin Ring var gerð eftir. Þessi mynd skilur engan eftir óskaddaðan.



Popp-korn

Svarthöfubúningur sem gerður var fyrir aðra Star Wars myndina, The Empire Strikes Back, verður boðinn upp hjá uppboðshúsinu Christie's í Bretlandi. Talið er að búningurinn geti selst á allt að 40 milljónir króna. Christie's-menn telja þetta vera einn merkilegasta leikmun sem þeir hafa selt, þó hafa þeir selt þá marga, til dæmis rúbínskó Dóróteu úr kvikmyndinni Galdrakarlinum í Oz.



Ævintýramyndir eru vinsælar í Hollywood um þessar myndir. Ævintýrið um Mjallhvíti virðist þó vinsælast því alls þrjár kvikmyndir um hana eru á teikniborðinu. Ein þeirra mynda á að fjalla um veiðimanninn sem vondu drottningin sendir á eftir Mjallhvíti út í skóg og er Tom Hardy orðaður við það hlutverk. Þá eru uppi hugmyndir um að Angelina Jolie leiki vondu stjúpunna.



Íslandsvinurinn Gael García Bernal gæti átt eftir að slá í gegn í Bollywood en indverskur kvikmynda-leikstjóri hefur beðið hann að taka að sér hlutverk prests í myndinni The Stamp Collector. Ekki fylgir sögunni hvort um söngvamynd er að tæða eins og algengt er í Bollywood.



Zach Galifianakis er einn af vinsælustu grínleikurum um þessar mundir en hann fékk stóra tækifærið sitt í myndinni The Hangover. Frægðin hefði þó getað bankað að dyrum um áratug fyrr ef hlutirnir hefðu þróast aðeins öðruvísi. Leikstjóri The Hangover, sem einnig leikstýrði myndinni Road Trip, sagðist hafa íhugað hann alvarlega í hlutverkið sem Tom Green hreppti í þeirri mynd. Hver veit nema það hefði þá einnig verið Galifianakis sem hefði hreppt Drew Barrymore, eins og Tom Green gerði.



TJARNARBÍÓ

Leiksýning:
Ódó á Gjaldboxum
Nánar á www.tjarnarbio.is

NÆSTA VÍKA:

Ting: Norræna listahátíðin 3-4. nóv.
Nánar á www.tjarnarbio.is

Unglist 5.-13. nóv.
Nánar á www.tjarnarbio.is

SUN. 7. NÓV. **Bólu-Hjálmar**
Grímuvörðlaun sem barna- og unglingsýning ársins 2009
Nánar á www.tjarnarbio.is

Miðasalan er opin virka daga frá kl. 13-15
Sími: 527 2100
www.midi.is

KAFFIHÚSÍÐ MAJONES
opið alla daga frá kl. 9-23

„Í fyrsta sinn í sögunni er kynlífið hættulegra en sígarettan á eftir.“

Jay Leno

GULLMOLI VIKUNNAR

KANINN FM 1005



LÍMMIÐA LOTTÓ KANANS, N1 OG SPARK ER Í FULLUM GANGI!

**FERÐ FYRIR TVÖ TIL
TENERIFE MEÐ SUMARFERÐUM,**

ÚTTEKT Í SKÓR.IS, MATARKÖRFUR FRÁ NETTÓ, **GLÆSILEG SAMSUNG
MYNDAVÉL** ÁSAMT FJÖLDA ANNARRA VINNINGA FRÁ BT,
GJAFAKORT Í 3 SMÁRA, SÆLULYKLAR Á HÓTEL ÖRK, MÁLTÍÐIR Á TANDOORI OG HELLINGUR
AF AUKA VINNINGUM



SUMAR FERDIR

KOMDU VIÐ Á NÆSTU N1 STÖÐ OG FÁÐU LÍMMIÐA Í AFTURGLUGGANN
KOMDU Í SIGURLIÐ KANANS FM100.5 ÞAR SEM ÞÚ ERT NÚMER EITT Í RÖÐINI



Vestax

Spin

djay
hugbúnaðarpakkinn fylgir með Spin

nýtt í Tónastöðinni
Fullt af vörum frá Vestax

djay vinnur hnökralaust með iTunes og breytir Makkanum þínum í fullbúið DJ kerfi.

búðu til tónlist á  makkann þinn

TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

Tónastöðin • Skipholti 50d • Reykjavík • sími 552 1185 • www.tonastodin.is
Tónastöðin Akureyri • Strandgötu 25 • Akureyri • sími: 456 1185

LOKAPRÓFIÐ

| 28. október 2010 |

MONITOR
skólinn

Ég heiti Bergur Ebbi í kvikmynd um ævi mína myndi ég vilja fá Josh Hartnett til að leika mig en líklega yrði það samt Philip Seymour Hoffman.

Dú veist hver ég er af því að Pass vonandi er ég ekki fallinn.

Ég er fyndinn af því að
a) ég reyni ekki að vera fyndinn.
b) það er í blóðinu.
c) mamma mín segir það.
d) ég seldi sál mína djöflinum í skiptum fyrir hnyttni.
e) gerum við það ekki?

Það sem fáir vita um mig Eg vann silfur á Reykjavíkumleistarum móti unglinga í snóker 1996. Eina meðalfan sem ég hef fengið.

Ég vildi alltaf að Sprengjuhöllin hefði borið nafnið
a) Ljóðahljóð.
b) Morris Múffurnar
c) Þög og óregla.
d) Bombukastalinn.
e) _____

Ef ég þyrfti að velja eitt af eftirfarandi til að fórna yrði það
a) Röðdin
b) Sjónin
c) Hevrunin
d) Bragðskynið
e) Snertiskynið

Af því að Ég er búinn að segja nóg, ætla framvegis að tjá mig í gegnum mat - þó ekki sem kokkur.

Í fyrra lífi var ég líklega Ugla sem er ótrúlegt af því að -því áratf margum ástæðum

Þegar þú hittir mig úti á götu skaltu:
a) Færða þér.
b) Faðma mig
c) Fá eiginhandararitun hjá mér.
d) Þara úr öllum fótunum.
e) Allt ofantalið.

Besti vinahópurinn er
a) Strákarnir í Mið-Íslandi.
b) Strákarnir í lögræðinni.
c) Strákarnir í Sprengjuhöllinni.
d) Vinkonur kærustunnar minnar.
e) Ófundinn.
f) allt að ofantöldu

Ef ég mætti gera einn Facebook status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa A EINTVERK hleðsuleiki fyrir Sharp Minidisc MS-701H ???

Ef ég væri ekki Bergur Ebbi myndi ég helst vilja vera
a) 7berg
b) Mark Wahlberg
c) Beggi í Söldögg
d) Bergur Plebbi
e) Studlaberg

Því þá gæti ég Ég er hvort sem er hegt og rólegur að breytast í þennan gaur og líkar það ógertlega

Ekki spyrja mig um tölvur en ég er sérfræðingur í knappskoti grænþörungna í ferskvatnsaðstæðum.

Ákjósanlegustu slummaðstæðurnar eru
a) í heitum potti í Laugar-dalslauginni.
b) á Stjórnutorgi.
c) úti í horni á Kaffiharnum.
d) á Þjóðarbókhlöðunni.
e) _____

Af því að þar er allt með kyrrum kjörum

Þegar ég var lítill vildi ég verða Salvatore Schicci en í staðinn varð ég ekki hann - skritið!

Síðast en ekki síst

» **Stella Rósenkrans, dansari, fílar:**

Bók
Ég næ sjaldan að gefa mér tíma í að lesa þó svo ég vildi. En **To Kill A Mockingbird** er rosalega vel skrifuð bók. Mest sjarmerandi við hana er hvernig rithöfundurinn setur saman setningarnar. Málfræði er alveg magnað og maður nær að lifa sig inn í tímann og aðstæður.

Kvikmynd
Memoirs Of Geisha. Þessi mynd heillaði mig gjörsamlega og veitti mér mikinn innblástur. Ég get ekki nefnt eitthvað eitt. Bara fasið yfir henni, búningarnir og svo tónlistin. Fullkomin blanda fyrir minn smekk.

Plata
Það mun vera **Thief's Manual** með íslenska rokkbandinu Cliff Clavin. Fáránlega gott eintak!

Sjónvarpsþáttur
Ég horfi rosalega lítið á sjónvarp, alveg órsjaldan. Þannig að ég er ekki föst í neinni ákveðinni seríu. En ég fíla samt **Dexter**, það er fín afþreying.

Vefur
Ég get alveg gleymt mér á **Ebay**. Finnst æðislegt að grúska þar inni og hef oftan en ekki rekist á algjörar gersemar.

Staður
Það mun vera **L.A.** bara upp á dansinn að gera. Mér finnst líka rosa næs að sitja með góðan kaffibolla á **Súfstanum** á Laugaveginum og núlla mig niður þegar mikið er að gera.









fílófaxið

fimmtudagur 28
okt

HANDVERK OG HÖNNUN

Ráðhús Reykjavíkur
17:00 Listamenn kynna og selja ýmiskonar handverk á sýningu sem mun standa fram til 1. nóvember. 61 listamaður taka þátt.

FIMMTUDAGSFORLEIKUR

Hitt húsið
20:00 Trúbadorinn Gösli, Thetans of Punchestown og Tamarín/ Gunslinger mæta á fimmtudagsforleik Hins hússins. Að vanda er fritt inn og eru allir velkomnir.

NÁTTFARI OG FÉLAGAR

Sódóma
21:00 Hljómsveitin Náttfari blæs til tónleika ásamt góðum félögum. Auk þeirra koma Markús and The Diversion Sessions, Stafrænn Hákon og Sudden Weather Change fram. Aðgangseyrir er 500 krónur.

RÍÓ TRÍÓIÐ

Salurinn, Kópavogi
20:00 Hljómsveitin Ríó tríó kemur fram á fernum tónleikum þessa helgina, það er fimmtudags-, föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöld. Hefjast allir tónleikarnir klukkan 20 og aðgangseyrir er 3.300 krónur.

THE SWELL SEASON

Nasa
21:30 Hinn vinsæli írsk-tékkneski dúett, The Swell Season, kemur til Íslands og heldur tónleika á Nasa. Miðaverð er 4.900 krónur.



KRISTÍN OG VALDIMAR

Rósenberg
22:00 Tónlistarkonan Kristín, ásamt átta manna hljómsveit, og hljómsveitin Valdimar slá saman í tónleika. Kristín gaf út plötuna Mublu á síðasta ári og Valdimar gefa brátt út plötuna Undraland. Aðgangseyrir er 1.500 krónur en 1.000 krónur fyrir nema.

föstudagur 29
okt

NOISE

Sódóma Reykjavík
22:00 Hljómsveitin Noise fagnar útgáfu plötu sinnar Divided sem gefin var út í síðasta mánuði. Ten Steps Away og Coral sjá um upphitun. Miðaverð er 1.000 krónur.

NICK CAVE TRIBUTE

Rósenberg
22:00 Hljómsveitin A Band on Stage spila lög eftir Nick Cave í þriðja sinn en áður hefur verið húsfyllir. Miðaverð er 1.500 krónur.

laugardagur 30
okt

LJÓSMYNDASÝNING

Gerðarsafn í Kópavogi
15:00 Ljósmyndasýningar Ragnars Axelssonar, Veðimenn norðursins og Andlit aldanna verða opnaðar af forseta Ísland. Þá verður útkomu bókarinnar Veðimenn norðursins einnig fagnað.



GÓÐGERÐARBARDAGINN MIKLI

Vodafonehöllin
19:00 Hilmir Hjálmarsson og Stefán Gaukur mætast á hnefaleikamóti til styrktar einhverfum börnum annars vegar og hjartveikum börnum hins vegar. Auk þess fara fram 10 ólympískir hnefaleikabardagar, Erpur Eyvindarson kemur fram og Þórhallur Þórhallsson verður með uppistand, svo eitthvað sé nefnt. Miðaverð er 1.000 krónur.

FRÆBBLARNIR OG Q4U

Faktóry
23:00 Hinar gamalkunnu sveitir Fræbblarnir og Q4U sameinast sameinast á tónleikum sem hefjast stundvislega klukkan 23 en húsið opnar klukkan 22. Aðgangseyrir er 500 krónur.

HAFFI HAFF'S HA-HA-HALLOWEEN
Nasa
Laugardagur kl. 00:00

Ekki vera hrædd!

„Þetta er eitt kvöld sem snýst um að vera kreisi. Maður á ekki að vera hræddur við að vera sillí, þetta eru bara búningar,“ segir Haffi Haff sem verður með brjálað hrekkjavökupartí á Nasa á laugardagskvöld. „Ég ætla að vera Frank-N-Furter úr Rocky Horror af því við erum svipaðir karakterar. Nema þetta verður 2010 útgáfan, hann er með ljóst hár núna!“

Hrekkjavökupemað verður allsráðandi og verða veitt verðlaun fyrir flottustu búningana. Haffi mun sjálfur trylla lýðinn eins og honum einum er lagið en hljómsveitirnar Mammút og Bloodgroup leggja einnig í púkkið. Þá mun Dj Maggi Lego þeyta skífum.

Miðaverð er 2.000 krónur og forsala miða fer fram í verslunum Spútnik í Kringlunni og á Laugavegi.

Eva Hrönn söngkona

Það er búið að vera brjálað að gera hjá mér allar helgar upp á síðkastið en núna er bara lærdóms- og fjölskylduhelgi. Ég er með fimm börn svo það verður mikið fjör.

Helgin mín

★★★★ Mbl., IP

„Þetta leikverk er svo auðskilið, svo skemmtilegt, fyndið, andrikt og einfalt, að ég óska þess heitast, að allir landsmenn megji njóta og læra af“. Pressan.is, BS

Þú mátt ekki missa af þessari einstöku sýningu!

Aðeins örfáar sýningar!

Fim 21/10 kl. 20.00 U	Fim 4/11 kl. 20.00 Ö	Fim 18/11 kl. 20.00	Fös 3/12 kl. 20.00
Fös 29/10 kl. 20.00 Ö	Lau 13/11 kl. 20.00 Ö	Fös 26/11 kl. 20.00 Ö	



Tryggðu þér miða í síma 551 1200 eða smelltu þér á leikhusid.is

NORDISK FILM & TV FOND'S HighFive KYNNA MEÐ STOLTI

Kvikmynda- verðlaun Norður- landaráðs 2010

www.nordiccouncilfilmprize.com



29. október- 4. nóvember

BÍÓ ★ PARADÍS

Heimili kvikmyndanna



ting

28.10.
—07.11.
2010

Norræn listahátíð
Nordisk kulturfestival
Reykjavík

Dagskrá og miðasala á Miði.is

græna
ljósið